



Fréttatilkynning
frá
skrifstofu forseta Íslands

**FORSETI ÍSLANDS OPNAR LYFJAVERKSMIÐJU Á INDLANDI
SAMSTARF ACTAVIS OG INDVERSKRA FYRIRTÆKJA
FORSETINN HEIMSÆKIR BANGALORE, HYDERABAD OG PUNE**

Forseti Íslands Ólafur Ragnar Grímsson opnaði í gær lyfjaverksmiðju í Pune á Indlandi og samtímis var undirrituð viljayfirlýsing um samstarf milli íslenska fyrirtækisins Actavis og indverska fyrirtækisins Emcure, sem á verksmiðjunum, um framleiðslu á lyfjum í Bandaríkjunum sem Actavis mun markaðssetja.

Forseti Íslands heimsótti Bangalore síðastliðinn sunnudag þar sem undirrituð var yfirlýsing um kaup Actavis á indverska lyfjarannsóknafyrirtækinu Lotus, en það fyrirtæki er í fremstu röð þeirra indversku lyfjafyrirtækja sem sinna rannsóknum á sviði samheitalyfja fyrir Bandaríkjamarkað.

Þá skoðaði forseti Íslands ásamt forystumönnum Actavis önnur lyfjafyrirtæki og fyrirtæki á sviði erfðagreiningar í Bangalore og Hyderabad þar sem mörg hundruð vísindamenn og sérfræðingar vinna við þróun og prófanir á nýjum lyfjum. Forsetinn átti fróðlegar viðræður við eigendur og stjórnendur þessara fyrirtækja um lyfjaþróun og framleiðslu lyfja á Indlandi fyrir heimsmarkað.

Í för með forseta Íslands til Bangalore, Hyderabad og Pune voru Róbert Wessman forstjóri Actavis, Ashok Narasimhan og G. R. S. Raghavan, stjórnendur Actavis með aðsetur í Lundúnum og á Indlandi.

Lyfjafyrirtækið Emcure í Pune, en forsetinn opnaði verksmiðju þess í gær, er á nýju landsvæði í útjaðri borgarinnar sem helgað er hátækniyrirtækjum og er verksmiðjan byggð í samræmi við ströngustu gæðakröfur í Evrópu og í Bandaríkjunum. Mörg hundruð starfsmenn munu vinna í verksmiðjunni, en Emcure er nú þegar í fremstu röð lyfjafyrirtækja á Indlandi. Það framleiðir m.a. lyf fyrir eyðnisjúklinga og hefur gert allmarga

samstarfssamninga við ríki í Afríku en lyf frá fyrirtækinu eru nú þegar notuð í baráttunni gegn eyðni í nokkrum ríkjum álfunnar.

Við opnun verksmiðjunnar lýsti forstjóri Emcure og aðaleigandi, Satish Mehta, mikilli ánægju með væntanlegt samstarf við Actavis og taldi að fyrirtækin gætu með samvinnu náð miklum árangri á lyfjamarkaði í Bandaríkjunum og víðar um heim.

Lyfjafyrirtækið Lotus í Bangalore, sem Actavis er að festa kaup á, framkvæmir prófanir á margvíslegum lyfjum og vinnur náið með kaþólska sjúkrahúsinu í Bangalore. Faðir Kalam stjórnarformaður sjúkrahússins flutti ávarp við athöfnina þegar samstarf Lotus og Actavis var innsiglað og lýsti mikilli ánægju með þennan áfanga. Lotus hefur þegar skapað sér einstakt orðspor fyrir rannsóknarstarf sem lýtur ströngustu gæðakröfur á Vesturlöndum.

Í öðru fyrirtæki á sviði lyfjaframleiðslu og erfðafræðirannsókna sem forsetinn heimsótti í Bangalore starfa rúmlega 800 vísindamenn og sérfræðingar við þróun lyfja og víðtækar vísindarannsóknir. Fyrirtækið framleiðir fyrir markaði víða um heim og fer starfsemi þess fram á stóru landsvæði í Bangalore, en borgin er miðstöð hátæknifyrirtæki á Indlandi.

Fyrirtækið í Hyderabad, sem forsetinn heimsótti, rekur verksmiðjur bæði á Indlandi og í Kína og starfa þar rúmlega 500 vísindamenn og sérfræðingar við þróun lyfja og eftirlit með framleiðslunni, og hefur fyrirtækið aflað sér fjölmargra einkaleyfa.

Í viðræðum við stjórnendur og eigendur allra þessara fyrirtækja kom fram ríkur vilji til að eiga náið samstarf við Íslendinga á sviði lyfjaframleiðslu og lyfjaþróunar. Luku þeir miklu lofsorði á þann árangur sem Actavis hefur náð á undanförunum árum.

Í viðræðum við indverska fréttamenn í Bombay í gærkvöldi, að lokinni ferðinni til Bangalore, Hyderabad og Pune, sagði Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands, að þeir áfangar sem nú hefðu náðst í samstarfi Actavis og indverskra lyfjafyrirtækja, viðræður hans við stjórnendur, eigendur og starfsfólk þessara fyrirtækja og einnig viðræðurnar sem hann átti við leiðtoga Indlands í Dehli í síðustu viku, hefðu sannfært hann um að Íslendingar og Indverjar gætu í sameiningu náð gríðarlegum árangri á heimsmarkaði fyrir lyf, en sá markaður mun fara ört vaxandi á næstu árum og áratugum. Samstarf þjóðanna skapaði lykilaðstöðu í samkeppni á lyfjamarkaði og grundvöll fyrir árangursríka sókn. Margt í menningu landanna, lýðræðishefð og virðingu fyrir menntun og rannsóknum auðveldaði íslenskum og indverskum athafnamönnum og sérfræðingum í þessari grein að vinna saman.

Þá greindi forseti Íslands frá því að ákveðið hefði verið í viðræðum hans við dr. A. P. J. Abdul Kalam forseta Indlands í Dehli í síðustu viku, að samstarf Íslendinga og Indverja á sviði lyfjaþróunar og lyfjaframleiðslu yrði meðal mikilvægra þátta í opinberri heimsókn forseta Indlands til Íslands í lok maímánaðar næstkomandi.

Í ræðum sem forseti Íslands flutti í Bangalore og Pune ræddi hann nánar um þau tækifæri sem samstarf Íslendinga og Indverja á sviði lyfjaframleiðslu gæti skapað í framtíðinni og vísaði þar meðal annars til reynslu sinnar af samstarfi við Indverja og indverska ráðamenn á síðustu tuttugu árum. Greindi forsetinn einnig frá því að í viðræðum sínum við indverska leiðtoga fyrir helgina hefði komið fram eindreginn stuðningur við samstarf þjóðanna á þessu sviði.

8. febrúar 2005

Nánari upplýsingar um atburðina í Bangalore, Hyderabad og Pune veita Örnólfur Thorsson skrifstofustjóri (896 3028) og Halldór Kristmannsson hjá Actavis.

Myndir og myndatextar fylgja með.